

Nr. 092 / 11 Tómas Þorvaldsson GK 10***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1006
Smíðaður: Noregi 1966, stál
Stærð: 334 brl. 504 bt.
Mesta lengd: 47,74 m Skráð lengd: 44,74 m
Breidd: 8,2 m Dýpt: 6 m
Vél: Caterpillar 728 kW, 2001
Fjöldi skipverja: 14



Tómas Þorvaldsson©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 23. júní 2011 var Tómas Þorvaldsson GK 10 á línuveiðum á SV miðum. Veður: Hægviðri.

Skipverji sem var að ganga aftur eftir skipinu rak fót í stúta við skorstein sem stóðu um 10 sm upp úr þilfarinu með þeim afleiðingum að hann féll og lenti með aðra öxlina utan í lunningu. Fann hann til eymsla í öxlinni og missti mátt í hendi.

Við rannsókn kom fram:

- að stútarnir eru tveir, sem slasaði féll um, og standa um 10 sm upp úr þilfarinu um 1,5 m út frá skorsteinshúsinu. Þeir eru lokaðir með skrúfuðum tappa og inn í þeim eru spindlar til neyðarlokunar á olútanka upp í síðum vélarúmsins. Þessir lokar eru frá því skipið var smíðað en aðrir hraðlokur eru í skorsteinshúsi til sömu nota;
- að fram kom í vinnslu málsins að eftir slysið var settur pallur til að koma í veg fyrir að atvikið endurtæki sig.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.